

Skýrsla stjórnar 2018

Stjórn Björgunarfélags og Björgunarbátasjóðs Hornafjarðar

Formaður:	Jens Olsen
Varaformaður:	Elín Freyja Hauksdóttir
Gjaldkeri:	Karl Ágúst Guðnason
Ritari:	Elín Birna Vigfúsdóttir
Meðstjórnendur:	Ingólfur Einarsson Gunnlaugur Róbertsson Kristín Gyða Ármannsdóttir.

Björgunarfélagið

Árið 2018 hefur verið með hefðbundnu sniði og undanfarin ár Vinnukvöld, fundir, æfingar, námskeið og fjáraflanir. Útköllin hafa haldist svipuð og undanfarin ár en þó verið aðeins færri. Höfum verið dugleg að mæta á fundi og viðburði á vegum SL má þar nefna, Aðgerðastórnendaráðstefnu og ráðstefnuna Björgun, héldum upp á 90 ára afmæli Slysavarnafélagsins Landsbjargar í lok janúar. Flugeldasýningin á Jökulsárlóni gekk vel fyrir sig og virðist ásóknin á sýninguna vera að aukast með hverju árinu sem líður.

Unglingadeildin Brandur

Unglingadeildin hefur starfað með hefðbundnu sniði síðastliðið ár, með vikulegum fundum. Mæting hefur verið í flestum tilvikum góð, eða 6-16 unglingar í hvert sinn. Reynt hefur verið að færa til fundi, ef stórir viðburðir eru í bæjarfélaginu fyrir krakkana.

Alltaf er eitthvað um að vera t.d. fyrsta hjálp, spottavinna, hnútakvöld, snjóflóðayla æfing, kennsla á GPS tæki eða talstöðvar, kassaklifur og meira til.

Um miðjan september var starfið gangsett á ný, og það með kynningarfundum. Við deildina bættust nokkrir nýjir unglingar, sumir þurftu að hætta vegna aldurs eða fóru að heiman í skóla og eru núna u.þ.b. 10-15 unglingar í deildinni.

Helstu verkefni á árinu:

- Kids save lives, sjá meira um það hér að neðan
- Landsfundur umsjónarmanna á Akureyri, síðasta helgin í september.
- Komumst því miður ekki á Miðnætúríþróttamótið í Vatnaskógi um miðjan nóvember þar sem mikið var um forföll hjá unglingunum á síðustu stundu. Verður reynt aftur í haust.
- Héldum Landshlutamót unglingadeilda helgina 8.-10. júní í Skaftafelli fyrir unglingadeildir af suður og suðvesturhorninu, komu um 120 unglingar og 42 umsjónarmenn frá 13 unglingadeildum. Farið var í leiki og létt hópaverkefni og gönguferð að Svartafossi. Allt gekk þetta vel og fóru allir sáttir heim.

Árið 2019 verður eigi síðra, unglingadeildin heldur ótrauð áfram. Núna árið 2019 verður ýmislegt á dagskránni. Landsmót unglingadeilda verður haldið á Siglufirði dagana 26.-30. júní og er Landsmót hápunktur unglingastarfsins og þar verður mikið stuð, við stefnum á að fara þangað og vonandi mun það ganga eftir.

KIDS SAVE LIVES

Var haldið í annað sinn í mars og apríl.

Kjarni þessa verkefnis er að kenna börnum frá 12 ára aldri endurlífgun árlega. Til stendur að endurlífgun verði hluti af skólaskyldu barna á Íslandi og verði kennt af skóla-hjúkrunarfræðingnum. Við fögnum þessu en munum halda áfram þar til skólinn er tilbúinn að taka við keflinu.

Unglingadeildin hefur séð um kennsluna og teljum við að það nái betur til barnanna.

Í þetta sinn fengu börnin endurlífgunardúkkurnar með sér heim í eina viku og voru beðin um að kenna sem flestum handtökin. Niðurstaðan var að 60 skólabörn fengu kennslu í skólanum og þau kenndu svo 275 manns, sem gerir 335 manns í heildina. Við erum mjög stolt af þessu verkefni og verulega ánægð með að Ísland ætli að bæstast í hóp þjóða sem bjóða upp á endurlífgun árlega í skólum landsins.

Björgunarskipið Ingibjörg

Ingibjörg fór í eitt útkall á árinu, að sækja veikan einstakling 100 mílur frá landi. Aðgerðin gekk vel farið var kl 10:30 og komið að bryggju aftur kl 21:30 eftir eitthvað um 160 mílna siglingu. Smá skemmdir voru þegar fenderlisti rifnaði upp þegar verið var að leggjast að skútunni og taka manninn yfir en það var lagað eftir útkallið.

Farið var í slipp í september þar sem báturinn var tekinn þrífinn og botnmálaður og dittað að smávægilegum hlutum og lagaðar skemmdir eftir að lóðsinn hafði nuddað sér vel utan í og brotið rekkverk meðal annars. Ingibjörg fékk síðan geymslu á Norðfirði þangað til hún var sótt í október. Og fóru þeir í eina lóðsferð meðan þeirra bátur var í slipp.

Annars hefur notkunin verið lítil á skipinu og má gera betur. Farið var í siglingu með unglíngadeildina, siglingu á sjómannadaginn og farið í eitt þjónustuverkefni þar sem farið var með kafbát sem var sleppt í hafið nokkrum mílum utan við ós.

Fengum við nýjan umsjónarmann til starfa á árinu. Sverrir Þórhallsson, hann þurfti því miður að draga sig úr verkefninu vegna aðgerðar sem hann þurfti að fara í seinni part árs en vonandi fáum við hann fljótlega aftur til starfa.

Mikil vinna er nú í gangi hjá SL um endurnýjun skipaflotans, og margar hugmyndir komnar inn á borð hjá nefndinni/vinnhópnum sem að vinna í þessum málum og eigum við einn aðila í þeirri nefnd/vinnuhópnum og eru spennandi tímar framundan.

Námskeið og stórir viðburðir á árinu

29/1	90 ára afmæli Slysavarnarfélagssins Landsbjargar. Afmæliskaffið
2- 4/2	Fyrsta hjálp 1
11/2	112 dagurinn
9-11/2	Ráðstefna aðgerðastjórnanda SL, Hólum í Hjaltadal
16-18/2	Ferðamennska og Rötun
13-3	Aðalfundur
20/3	Vélsleðamaður 1
13-14/4	Formannafundur á Selfossi
13-15/4	Fjallamennska 1
21/4	Fluglínunámskeið.
8-10/6	Landshlutamót unglíngadeilda í Skaftafelli
5/4	KIDS SAVE LIVES
11/4	Aðalfundur
15-21/7	Láglendisgæslan Skaftafelli - þar sem við leystum þónokkur verkefni
11/8	Flugeldasýning Jökulsárlóni

4/9	Kynningarfundur
7-9/9	Endurmenntun - Vettvangshjálþ í óbyggðum WFR
18/9	Aðgerðagrunnur
28-30/9	Landsfundur Umsjónarmannar Unglingadeilda
12-14/10	Ráðstefnan Björgun
20/10	Frístund í Nýheimum
31-10	Fundur Viðbragðsaðila í Örafum vegna Örafajökuls og skriðu í Svínafelli
1-3/11	Neyðarkall - sala
7-11	Forgangsakstursnámskeið.
16/11	Ársfundur Björgunarbatasjóða
23-24/11	Fulltrúaráðsfundur

Fjáraflanir

Flugeldasýning Jökulsárlóni var haldin með svipuðu sniði og í fyrra. Flekarnir voru betrubættir til að auka flotið í þeim og einnig var látið búa til skilti til að setja upp daginn fyrir sýninguna. Inngöngumiðar voru á sínum stað og má segja að sala á þeim í forsölu hafi gengið vel og fleiri hafi nýtt sér það. Bláðið okkar um störf Björgunarfélagsins frá síðustu flugeldasýningu kom út viku fyrir sýningu og lukkaðist það vel og kom vel út.

Flugeldasalan gekk vel, og tölur segja að salan hafi verið örlítið betri en síðustu ár, en með flugeldasölunni voru einnig seldir græðlingar og er það mögulega ástæða fyrir því að salan hafi verið aðeins betri. Vel seldist af græðlingum, allavega meira en við bjuggumst við.

Neyðarkallinn var til sölu 1.-3. nóvember. Pöntuðum um 400 litla neyðarkalla og 15 stóra neyðarkalla, Seldum um 350 kalla og svo hafa nokkrir farið í flugeldasölu og til þeirra sem hafa haft samband, og eigum svo einn stóran 90 ára afmæliskall eftir.

Búnaðarkaup og viðhald

Bílar:

Höfn 1 var án vandræða á árinu. Keypt voru undir hann ný vetrardekk fyrir veturinn. Höfn 2 fékk áframhaldandi viðhald, farið var í olíuverk og spíssa í byrjun árs og varð bíllinn allt annar þessa uppgerð, einnig fékk hann nýja loftdælu þar sem loftdælan sem fyrir var gekk bara hálfan snúning, aukatankurinn fór að leka, var hann tekin úr og þrífinn og látið sjóða í hann.

Höfn 3 fékk nýjan stýrisgang, settur var nýr stýristjakkur og stærri stýrisendar settir í og hefur bíllinn skánað vel í stýri að sögn þeirra sem hafa keyrt hann. Keypt voru ný dekk í haust og nokkur hundruð skrúfunaglar og eru þau nú komin undir, einnig var keypt ný loftdæla.

Sleðar:

Keyptum tvo Ski-doo freeride sleða sem komu til okkar í byrjun árs og seldum við Arctic cat sleðana. Eigum við því núna fjóra Ski-doo freeride sleða sem hafa reynst vel og eru félagar almennt ánægðir með þá.

Samráð viðbragðsaðila á Höfn

Haldnir eru 2-3 fundir á ári með forsvarsmönnum hvernar viðbragðseiningar á Höfn, þar sem rædd eru ýmis mál sem koma að slysavörnum og þörf á að bæta búnað, gæslu og þjálfun viðbragðsaðila.

Almennir viðbragðsaðilar hittast áfram mánaðarlega, eða ca. 6 sinnum á ári. Þessar kvöldstundir eru nýttar í sameiginleg námskeið, umræður, æfingar eða sprell, svo hópurinn vinni enn betur saman þegar á reynir. Björgunarfélagið hefur hýst þessi kvöld og haldið utanum þau.

Útköll fyrir árið 2018

1	Eftirgrennslan við Sandfell	17.1.
2	Bíll niður um ís á Hornafjarðarfljótum	20.1.

3	Fastur bíll við Almannaskarðsgöng	10.2.
4	Lokun við Jökulsárlón	10.2.
5	Óveðursaðstoð á Höfn	13.2.
6	Lokun við Jökulsárlón	14.2.
7	Leit við Stokksnes	26.2.
8	Umferðarslys við Lómagnúp	13.3.
9	Eftirgrennslan á Breiðarmerkursandi/jökli	15.3.
10	Maður í sprungu Skaftafellsjökull	18.3.
11	Lokun við Jökulsárlón	28.3.
12	Fastur bíll á leið upp á Skálafellsjökul	22.4.
13	Maður í sjálfheldu við Skaftafellsjökul	1.5.
14	Neyðarsendir í gangi við Svíahnjúk eystri	17.5.
15	Týnd kona í Skaftafelli	23.5.
16	Kindur í sjálfheldu vegna vatns	14.6.
17	Veikur sjómaður 100 sjómíllur frá landi	29.6.
18	Leit við Stokksnes	26.2.
19	Fjallabjörgun Vestrahorn	10.7.
20	Fall í lónið við Svínafellsjökul	10.10.

21	Árekstur í Öræfum	31.10.
22	Fastur bíll í Skyndidalsá	17.11.
23	Lokun við Jökulsárlón	28.11.
24	Lokun við Jökulsárlón	6.12.
25	Fjallabjörgun við Hvalnes	22.8.
26	Hópslys á Skeiðarársandi	27.12.
27	Óveður á Höfn	31.12.

Félagar í útköllum

Með viðbragðsvakt.

Guðjón Vilberg Sigurbjörnsson	39 útköll
Friðrik Jónas Friðriksson	26 útköll
Baldvin Svafar Guðlaugsson	25 útköll
Jens Olsen	25 útköll
Ingólfur Guðni Einarsson	23 útköll
Karl Ágúst Guðnason	23 útköll
Elín Freyja Hauksdóttir	20 útköll
Kristín Gyða Ármannsdóttir	18 útköll
Finnur Smári Torfason	13 útköll
Elín Birna Vigfúsdóttir	11 útköll

Án viðbragðsvaktar

Guðjón Vilberg Sigurbjörnsson	20 útköll
Friðrik Jónas Friðriksson	18 útköll
Ingólfur Guðni Einarsson	16 útköll
Jens Olsen	16 útköll
Finnur Smári Torfason	13 útköll
Baldvin Svafar Guðlaugsson	12 útköll
Karl Ágúst Guðnason	11 útköll
Andrés Einarsson	11 útköll
Elín Birna Vigfúsdóttir	11 útköll

Gunnar Örn Olgeirsson

10 útköll

Fyrir hönd stjórnar

Jens Olsen
Formaður Bjf. og Björgunarbátasjóðs Hornafjarðar.